

Priðjudaginn 24. janúar 1978.

Nr. 13/1978. **Guðmundur P. Kristjánsson**
 gegn
Energoprojekt og Bjarna Pálssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason.

Með kæru 23. desember 1977, sem Hæstarétti barst 16. janúar 1978, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. nóvember 1977, sem sóknaraðilja var tilkynnt um 13. desember s. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar hafa hvor um sig krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Fallast má á það, að ekki sé fullnægt skilyrðum til þess, að sóknaraðili megi sækja varnaraðilja saman í dómsmáli til heimtu krafna sinna á hendur þeim, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum hvorum um sig 15.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur P. Kristjánsson, greiði varnaraðiljum, Energoprojekt og Bjarna Pálssyni, hvorum um sig 15.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m., hefur Guðmundur Páll Kristjánsson trésmiður, Lindargötu 60, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. og 30. mars 1977, á hendur fyrirtækinu Energoprojekt, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, og Bjarna Pálssyni, Auðbrekku 33, Kópavogi, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 324.050 með 13% ársvöxtum frá 13. nóvember 1974 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir.

Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Á árunum 1973 til 1977 var reist orkuver á vegum Landsvirkjunar við Sigöldu. Aðalverktaki við byggingarframkvæmdirnar var júgóslafneskt fyrirtæki, Energoprojekt, annar stefndu í máli þessu. Til framkvæmdar verksins þurfti Energoprojekt m. a. íbúðarskála fyrir starfsmenn sína. Festi fyrirtækið kaup á tveimur slíkum skálum, sem stóðu í Aðaldal og notaðir höfðu verið við gerð Laxárvirkjunar.

Bæði stefnandi og stefndi Bjarni voru starfsmenn Energoprojekt á þessum tíma. Stefnandi starfaði sem trésmiður, en stefndi Bjarni Pálsson sem verkstjóri. Það kom til tals, að þeir tveir ásamt fleiri starfsmönnum Energoprojekt við Sigöldu tækju að sér sem verktakar að rífa skála þessa og reisa þá síðan á ný við Sigöldu. Til þess kom þó ekki, þar sem Ivan nokkur Berger, forráðamaður Energoprojekt við Sigöldu, neitaði að gera verk-samning við marga menn um verk þetta og vildi semja við stefnda Bjarna Pálsson einan um verkið. Gerði þá Bjarni Pálsson hinn 28. ágúst 1974 samkomulag við stefnanda og sex aðra trésmiði, að þeir ynnu saman að verki þessu. Greiðsla til stefnanda fyrir verk þetta og þriggja annarra trésmiða skyldi vera kr. 280.500 til hvers, en til hinna þriggja kr. 229.500 til hvers. (Auk þess var samið sérstaklega við pípulagningamenn og rafvirkja, en það kemur ekki þessu máli við).

Á grundvelli þessa samkomulags gerði stefndi Bjarni Pálsson síðan verksamning við Energoprojekt hinn 30. ágúst 1974 um

verk þetta. Samkvæmt verksamningnum átti verktaki að fá kr. 4.100.000 fyrir. Samkvæmt verksamningi þessum átti að hefja verkið án tafar og því skyldi lokið 30. september 1974, að öðrum kosti átti verktaki að greiða 30.000 í dagsektir fyrir hvern dag, er verkið drægist fram yfir tilskilinn afhendingartíma, nema óviðráðanlegar orsakir hömluðu. Energoprojekt skyldi samkvæmt samningnum annast flutninga á skálunum frá Laxárvirkjun að Sigöldu.

Framangreindir menn hófu síðan verk þetta nema Ingi Ingvarsson, sem gekk úr skaftinu. Fyrrgreindir menn höfðu allir verið starfsmenn hjá Energoprojekt, en fengu leyfi frá störfum þann tíma, sem þeir unnu að verki þessu með stefnda Bjarna Pálssyni.

Þar sem allir starfsmennirnir voru samkvæmt samkomulaginu ráðnir upp á fasta greiðslu fyrir verkið og aukin störf hlutu að falla á þá vegna þess, að Ingi Ingvarsson hætti þátttöku í verkinu, varð samkomulag um það við stefnda Bjarna, að hlutur Inga, kr. 280.500, færi til þess að kaupa vinnuafl eftir því sem henta þætti. Því, sem ekki yrði þannig varið, skyldi skipt milli þeirra starfsmanna, sem ynnu þau störf, er Inga voru ætluð, þ. e. trésmiðastörf, og var stefnandi einn þeirra. Fengnir voru verkamenn, sem unnu við að rífa skálana og ferma flutningabíla og og fleira, sem til féll.

Hinn 10. september 1974 var búið að rífa báða skálana í Aðaldal og koma þeim í flutning suður. Var þá einnig hafinn undirbúningur að því að reisa þá við Sigöldu.

Hinn 16. september 1974 hætti Óskar nokkur Bjarnason trésmiður störfum við verkið. Kveðst stefnandi þá hafa talið, að þeim smiðum, sem áfram unnu að verkinu, bæri launahlutur Óskars frá þeim tíma, er hann hætti störfum, svo sem verið hafi um hlut Inga Ingvarssonar.

Þegar byrjað var á verkinu, kom í ljós, að skálar þessir voru í ýmsu frábrugðnir því að gerð, sem ætlað hafði verið og stefndi Bjarni Pálsson, sem skoðað hafði skálana, hafði lýst þeim fyrir starfsmönnunum. Fyrir þær sakir sóttist verkið seinna en menn höfðu vænst. Kom í ljós, að nauðsynlegt var að breyta og endurbýggja skálana að nokkru leyti, til þess að þeir gætu gegnt sínu hlutverki. Meðal annars kom allmikill fúi í ljós í gólfklæðningu og innveggjagrindum svo og veggklæðningu. Þurfti því allmikla nýsmíði, er skálarnir voru endurreistir.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að lokið hafi verið við að endurreisa skálana 2. október 1974. Eftir þann tíma hafi tekið

við nýsmíði í sambandi við skálana og þá verið ákveðið, að starfsmennirnir tækju það verk að sér undir verkstjórn Bjarna Páls-sonar í tímavinnu. Kveður stefnandi það verk hafa verið unnið í beinu framhaldi af aðalverkefninu. Stefnandi kveðst hafa hætt störfum við verk þetta 13. nóvember 1974 og þá hafi því verið lokið.

Stefnandi kveður vinnu við verkefni þetta hafa verið hagað þannig, að byrjað hafi verið kl. 7.00 að morgni og unnið til kl. 10.00 að kvöldi alla daga, jafnt sunnudaga sem aðra daga. Þegar liða hafi tekið að lokum verksins, kveður stefnandi launagreiðslur til starfsmanna hafa verið orðnar tregar, og þegar verkinu lauk, kveðst stefnandi hafa átt mikinn hluta launa sinna ógreiddan. Hafi þau enn ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan. Höfðaði stefnandi því mál á hendur stefndu í máli þessu (bæjarþingsmál hið fyrra nr. 917/1975). Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 28. apríl 1976, var því máli vísað frá dómi.

Með kæru, dagsettri 14. maí 1976, skaut stefnandi frávísunar-dóminum til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóm-inn með dómi, uppkveðnum 28. september 1976. Var stefnanda þar gert að greiða stefndu kr. 7.000 hvorum í kærumálskostnað.

Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Málartilbúnaði sóknaraðilja var ábótavant í héraði. Hefur héraðsdómari af þeim sökum vísað málinu frá dómi. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að grípa fram fyrir hendur héraðsdómara, enda er sóknaraðilja fær sú leið að stefna málinu að nýju fyrir héraðsdóm og reifa þá málið skilmerkilega.“

Eftir þetta höfðaði stefnandi síðan bæjarþingsmál þetta, svo sem rakið er í upphafi dómsins.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

„nr. 1 Umsamið kaup skv. vinnusamningi	kr. 280.500.00
nr. 2 Hlutdeild í hlut Inga Ingvarssonar 1/5 af	
kr. 280.500.00	kr. 56.100.00
nr. 3 Hlutdeild í 1/2 hlut Óskars Bjarnasonar	
1/5 af kr. 114.750.00	kr. 22.950.00
nr. 4 Tímavinna við nýsmíði og fleira kr.	
8.000.00 pr. dag í 40 daga	kr. 320.000.00
nr. 5 Leiga fyrir afnot af naglabyssu umbj. m. . .	kr. 35.000.00
frá dregst innborgun stefnda Bjarna . . .	kr. 390.000.00

Samtals kr. 324.550.00“

Svo sem fyrr er rakið, krefjast stefndu enn frávísunar á máli þessu. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna hinn 14. þ. m.

Stefndu reisa frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að mál um sama efni með sömu málsreifan hafi þegar verið dæmt og frávísað, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 917/1975 og dóm Hæstaréttar í málinu nr. 137/1976, sem kveðinn var upp hinn 28. september 1976. Beri því með hliðsjón af ákvæðum í 196. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Í öðru lagi styðja stefndu frávísunarkröfu sína með því, að kröfur stefnanda á hendur stefndu séu ekki af sömu rót runnar. Ljóst sé, að stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Bjarna Pálssyni á vinnusamningi, sem gerður hafi verið milli hans og stefnanda, en kröfur á hendur Energoprojekt á kjarasamningi sex verkalýðsfélaga við Energoprojekt svo og á tímavinnu, sem stefnandi hafi unnið í þágu Energoprojekt. Af þessum sökum sé ljóst, að vísa beri máli þessu frá dómi með vísan til 47. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Að endingu hefur stefndi Bjarni Pálsson byggt frávísunarkröfu sína á því, að málshöfðun og kröfugerð stefnanda sé vanreifuð og óskýr, þannig að brjóti í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málalíbúnað og fullnægjandi reifun máls.

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið. Í fyrsta lagi byggir hann kröfugerð sína á því, að fyrri dómar í máli þessu séu ekki bindandi í þessu máli, þar sem málið hafi ekki fyrr verið dæmt að efni til, sbr. dóm Hæstaréttar frá 28. september 1976. Fellst dómurinn á þessa röksemd stefnanda, sbr. 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Varðandi aðildina kveðst stefnandi byggja kröfur sínar á kjarasamningi sex verkalýðsfélaga við Energoprojekt, sbr. dskj. nr. 5, vinnusamningnum við stefnda Bjarna Pálsson frá 28. ágúst 1974, sbr. dskj. nr. 3, og munnlegum vinnusamningi við sama aðilja um tímavinnu og kaup og kjör við þá vinnu ásamt munnlegu samkomulagi um leigu á naglabyssu.

Kjarasamningurinn á dskj. nr. 5 sé rammasamningur, þar sem kveðið sé á um réttarstöðu alls verkafólks, sem unnið hafi fyrir stefnda Energoprojekt við Sigöldu. Á grundvelli hans hafi síðan verið í gildi ýmsir aðrir samningar með þrengra efnissvið, þar sem kveðið hafi verið á um ýmis nánari atriði. Þetta megi sjá af ýmsum ákvæðum í kjarasamningum, m. a. 4., 5. og 6. kafla,

einkum ákvæði í grein 6.1. Stefnandi telur, að svo sé einnig farið um fyrrgreindan vinnusamning, er hann gerði við stefnda Bjarna Pálsson, og kjarasamningurinn taki þar við, sem efni vinnusamninganna nái ekki til. Eigi sú skoðun stoð í atvikum málsins sem og 7. gr. laga nr. 80/1938, sbr. dóm Hæstaréttar í 24. bindi, bls. 643, og 1. gr. laga nr. 9/1974.

Í kjarasamningnum á réttarskjali nr. 5, grein 1.28, sé ákvæði um ábyrgð aðalverktaka við Sigölduvirkjun, þ. e. Energoprojekt, á öllum undirverktökum. Byggir stefnandi kröfuna um solidariska ábyrgð á hendur Energoprojekt á þessu ákvæði sem og með vísan til eðli málsins. Ábyrgð stefnda Bjarna Pálssonar byggir stefnandi á því, að hann hafi gert vinnusamninginn við stefnanda og komið fram gagnvart honum sem verktaki.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 47. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 er því aðeins rétt að „sækja fleiri menn í einu máli, að dómkröfurnar séu af sömu rót runnar.“ Er þá næst að athuga, hvort því er til að dreifa í þessu máli.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi kröfur sínar á vinnusamningi stefnda Bjarna Pálssonar, stefnanda og fleiri manna frá 28. ágúst 1974. Energoprojekt var ekki aðili að þeim samningi. Skapar hann því ekki réttarsamband milli stefnanda og Energoprojekt. Því er eigi heimilt að sækja stefnda Bjarna Pálsson og Energoprojekt solidarískt í máli þessu á grundvelli hans.

Þá byggir stefnandi kröfu sína á munnlegum vinnusamningi um tímavinnu og kaup og kjör um nýsmíði ásamt munnlegu samkomulagi um leigu á naglabyssu. Stefndi Energoprojekt var ekki heldur aðili að þessu „meinta“ samkomulagi. Er því hið sama að segja um þetta og vinnusamninginn frá 28. ágúst 1974.

Enn byggir stefnandi hina solidarísku kröfu gegn stefndu á ákvæði í kjarasamningi Energoprojekt við sex verkalýðsfélög, réttarskjal nr. 5, gr. 1.28. Grein þessi hljóðar svo: „Þeir aðalverktakar, sem byggja Sigölduvirkjun, skulu bera ábyrgð á öllum undirverktökum sínum gagnvart samningi þessum. Skulu slíkir undirverktakar bundnir af sömu samningum og aðalverktaki.“

Túlka ber ákvæði þetta þannig, að aðalverktaki ábyrgist, að undirverktakar geri ekki samninga við launþega um lakari kjör en sá samningur kveður á um. Því er ekki haldið fram, að slíku sé til að dreifa í þessu máli. Verður því solidarísk krafa á hendur stefndu ekki byggð á þessu kjarasamningsákvæði, enda telur dómurinn fráleitt að skilja ákvæðið þannig, að það skapi Energo-

projekt solidariska greiðsluskyldu með undirverktökum á launum til starfsmanna undirverktaka, þegar samningarnir brjóta hvorki í bága við lög né almenna kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags.

Enn byggir stefnandi hina solidarisku kröfu á hendur stefndu á „eðli málsins“.

Samaðild í réttarfari skapast ekki fyrir „eðli máls“, heldur með þeim hætti, sem 47. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði mælir fyrir um.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður eigi hjá því komist að vísa máli þessu í heild enn einu sinni frá dómi, enda hefur stefnandi ekki gert varakröfu í málinu, svo sem ráðgert er í 47. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Eftir þessum málalokum ber með vísan til 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað. Þykir hæfilegt, að hann greiði stefndu kr. 10.000 hvorum í málskostnað.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðmundur Páll Kristjánsson, greiði stefndu, Energoprojekt og Bjarna Pálssyni, kr. 10.000 í málskostnað hvorum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.